

# TINK@School

## FRÉTTABRÉF NR.2

<https://tinkeringschool.eu>

### UM VERKEFNIÐ

Tinkering fyrir sjálfbærni í grunnskólum er tveggja ára langt ERASMUS+ KA2 verkefni sem hófst í lok árs 2022 þar sem leitast er við að nota „tinkering“ sem aðferð í menntun til sjálfbærni. Í verkefninu verða þróuð kennsluverkefni í tengslum við sjálfbærni og loftslagsmál fyrir grunnskólanemendur á aldrinum 9 - 12 ára, ásamt handbók um aðferðafræðina fyrir kennara.

### SAMSTARFSaðILAR

- Háskóli Íslands (Ísland)
- MIO-ECSDE / MEDIES (Grikkland)
- Centre for Research and European Studies-Future Business (Ítalía)
- Bartolomeo associazione culturale (Ítalía)
- NEMO Science Museum (Holland)

### ÞRÓUN TINK@SCHOOL VERKEFNA

Seinni hluta ársins 2023 þróuðu samstarfsaðilarnir tinkering verkefnið undir leiðsögn NEMO. Vinnan var í senn mjög skapandi og skemmtileg. Þróuð voru 10 verkefni sem verða í Tink@School verkfærakistunni ásamt leiðbeiningum sem styðja kennara enn frekar við innleiðingu.

Verkefnunum má skipta í eftirfarandi þrjá flokka:

**(a) Tinkering lausnir:** Verkefni sem snúast um að leysa vandamál sem tengjast sjálfbærni.

**(B) Endurvinnna og nýta:** Verkefni þar sem verið er að endurnýta efni og nemendur finna nýjar leiðir til að endurvinnna eða gera við eitthvað sem hefur verið hent.

**(c) Tinkering fyrir breytingum:** Verkefni sem hvetja aðra til að gera breytingar á skemmtilegan og skapandi máta og sendir skilaboð um sjálfbærni og loftslagsbreytingar.

# TINK@School

## FRUMPRÓFUN VERKEFNA



Eftir að samstarfsaðilar höfðu útbúið drög að verkefnum voru þau prófuð bæði af kennurum og nemendum á tímabilinu september 2023 - janúar 2024. Skólarnir sem tóku þátt í prófun verkefna voru: Helgafellsskóli (Ísland), Ilaria Alpi School (Mílanó), Anna Micheli & Pablo Neruda (Róm), 1st Highschool & 70th Primary (Apena), 6th Primary (Chalandri) ásamt kennurum frá Amsterdam. Það var ákaflega lærdómsríkt að fylgjast með þáttakendum prófa tinkering verkefni og fá endurgjöf frá þeim. Sjá nánari umfjöllun um prófanir á heimasíðunni: <https://tinkeringschool.eu/news>

## 3. FUNDUR Í AÐENU 6-8 FEBRÚAR 2024

Samstarfsaðilar héldu sinn þriðja fund í Aþenu 6.-8. febrúar. Á fundinum áttu sér stað góðar umræður og vangaveltur um tinkering verkefni. Einnig var haldin vinnustofa með verkefnum úr verkefnakistunni til að fullvinna þau fyrir lokaútgáfu í lok febrúar. Heimsókn nemenda frá 1. menntaskólanum í Aþenu var hápunktur fundarins en nemendurnir deildu af eldmóði og stolti eigin upplifun af því að prófa tinkering verkefnið "Gömul leikföng verða að nýjum" sem MEDIES stýrði. Sjá nánari upplýsingar um fundinn hér:

<https://tinkeringschool.eu/4th-partners-meeting-and-peer-training>



## HAFÐU SAMBAND:



opj@hi.is | info@medies.net



<https://tinkeringschool.eu>



<https://www.facebook.com/tinkatschool>